

Einkunnaviðmið Hugvísindasvið

Einkunn	Lýsing
Ágætiseinkunn: 9,0–10.	Frammistaða nemandans er afburðagóð og ber óvenju skýran vott um þá þekkingu, skilning og hæfni sem gert er ráð fyrir í öllum hæfniviðmiðum námskeiðsins. Ágallar eru litlir sem engir.
Fyrsta einkunn: 7,5–8,5	Frammistaða nemandans er mjög góð og ber skýran vott um þá þekkingu, skilning og hæfni sem gert er ráð fyrir í öllum hæfniviðmiðum námskeiðsins. Ágallar eru nokkrir en ekki alvarlegir.
Önnur einkunn: 6,0–7,0	Frammistaða nemandans er nokkuð góð og ber vott um þá þekkingu, skilning og hæfni sem gert er ráð fyrir í hæfniviðmiðum námskeiðsins, þó að hann uppfylli þau ekki öll jafn vel. Ágallar eru nokkrir og sumir alvarlegir.
Þriðja einkunn: 5,0–5,5	Frammistaða nemandans er viðunandi og sýnir lágmarksþekkingu á grundvallaratriðum sem gert er ráð fyrir í hæfniviðmiðum námskeiðsins, en uppfyllir fæst þeirra vel. Talsvert er um alvarlega ágalla.
Falleinkunn: 0–4,5	Frammistaða nemandans er ekki viðunandi og ber ekki vott um lágmarksþekkingu á grundvallaratriðum námskeiðsins, enda uppfyllir hann ekki öll hæfniviðmið þess.